

**Mat á kennaramenntun í
Kennaraháskóla Íslands,
félagsvísindadeild Háskóla Íslands
og kennaradeild Háskólans á Akureyri**

Skýrsla ytri matshóps

Íslensk þýðing úr ensku

Menntamálaráðuneytið
mars 1998

Efnisyfirlit

1.0 Inngangur	1
1.1 Um úttektarhópinn	1
1.2 Vinnuaðferð	2
1.3 Mat á úttektinni	3
2.0 Almenn yfirlit	5
2.1 Eðli kennaramenntunar og innbyggð vandamál	5
2.2 Aðstæður á Íslandi	6
2.3 Áherslur kennaramenntunar	7
3.0 Skólarnir þrír	8
3.1 Almenn yfirlit	8
3.2 Framtíðarsýn á kennaramenntun	8
3.3 Samhæfing milli skólanna þriggja	8
3.4 Fjarkennsla	9
3.5 Lengd námsins	10
3.6 Gagnasöfnun	10
3.7 Réttindalausir kennarar	10
3.8 Kennsla í raungreinum og stærðfræði	10
3.9 Notkun upplýsingatækni við menntun kennara	11
4.0 Mat á skólunum	12
4.1 Sameiginleg einkenni skólanna þriggja	12
4.2 Háskóli Íslands (HÍ)	15
4.3 Kennaraháskóli Íslands (KHÍ)	19
4.4 Háskólinn á Akureyri (HA)	25
5.0 Svör við spurningum ráðuneytisins	28
6.0 Samantekt niðurstaðna	33
7.0 Gögn sem úttektarhópurinn las	35
Viðaukar	37

1.0 Inngangur

Í þessari skýrslu eru teknar saman niðurstöður hóps sem falið var að gera óháða úttekt á kennaramenntun á Íslandi. Úttektin var gerð í janúar 1998 og voru eftirtaldar menntastofnanir skoðaðar:

- Kennaraháskóli Íslands (KHÍ), grunnnám, kennsluréttindanám og framhaldsnám;
- Háskólinn á Akureyri (HA), nám grunnskólakennara og kennsluréttindanám;
- Háskóli Íslands (HÍ), kennsluréttindanám.

Hópurinn gerði úttektina í samræmi við Leiðbeiningar¹ um óháða úttekt, sem gefnar voru út af umsjónarhópi vegna mats á kennaramenntun og byggðar eru á the Guidelines for European Pilot Projects for Evaluating Quality in Higher Education.

1.1 Um úttektarhópinn

Eins og mælt er fyrir um í leiðbeiningum var úttektarhópurinn tilnefndur af umsjónarhópi vegna mats á kennaramenntun og skyldi hann þannig skipaður: Formaður, alls ótengdur þeim stofnunum sem heimsækja átti en með reynslu af stjórnun í háskólum eða öðrum æðri menntastofnunum og góða þekkingu á þeim breytingum sem orðið hafa á allra síðustu árum. Tveir sérfræðingar á sviði kennaramenntunar á háskólastigi, einn sérfræðingur úr röðum vinnuveitenda kennara, einn sérfræðingur frá æðri menntastofnun.

Hópurinn skipaður:

- Benjamin Levin, Ph.D., deildarforseti Endurmenntunardeildar Manitobaháskóla í Winnipeg, Kanada, formaður;
- Halldór Halldórsson, M.Sc., lektor við Tölvuháskóla Verzlunarskóla Íslands;
- Sigrún Gísladóttir, B.A./B.Ed., skólastjóri Flataskóla í Garðabæ;
- Sigrún Jóhannesdóttir, M.S., fyrrv. aðstoðarrektor Samvinnuháskólans á Bifröst, ritari;
- Trygve Bergem, Ph.D., prófessor við Kennaraháskóla Noregs í Bergen, Noregi.

¹ Sjá Viðauka I

1.2 Vinnuaðferð

Ferlið:

Hver stofnun skilaði skýrslu um sjálfsmat sem úttektarhópurinn las og ræddi áður en heimsóknir hófust í einstaka skóla eða deildir. Á undirbúningsfundum kom hópurinn sér saman um þau viðmið sem unnið skyldi eftir. Eftirfarandi spurningar voru hafðar til hliðsjónar þegar skýrslurnar voru ræddar:

Um skýrsluna sjálfa:

- Er skýrslan nægilega lýsandi, gagnrýnin og greinandi?
- Er gerð skýr grein fyrir styrkleikum og veikleikum?
- Vantar einhverjar upplýsingar?

- Um efnið:
- Eru markmið skýrt skilgreind?
- Hvernig eru þau yfirfærð í námsefnið?
- Endurspeglast inntak námsins og einstakra námskeiða í mati á nemendum og prófum?
- Búa þeir sem útskrifast yfir þeirri þekkingu, færni og viðhorfum sem stefnt er að?

Dæmi um mál sem rædd voru í öllum heimsóknum:

Framtíðarsýn:

- Viðbrögð við breyttu eðli kennarastarfsins og þjóðfélagsins
- Samhæfing milli skólanna þriggja
- Tilhlýðilegt hlutverk hvers um sig

Markmið:

- eru skýr tengsl milli markmiða og þess sem fengist er við í náminu?

Námið og kennslan:

- Viðhorf til tækninnar
- Viðhorf til nýjunga í kennslu
- Beiting nýrra kennsluáðferða

Æfingakennsla:

- Hversu mikil þarf hún að vera?
- Hversu góð eru tengsl út í skólana?

Fjarkennsla:

- Hlutverk hennar og þróun í framtíðinni

Nemendur:

- Þörf fyrir kennara

Gæðastjórnun:

- Aðferðir

Samskipti út á við:

- Við aðrar háskóladeildir
- Við grunn- og framhaldsskólana
- Við samfélagið í heild

Endurmenntun:

- Hversu mikilvæg er hún?
- Staða hennar nú
- Framtíðaráætlanir

Rannsóknir:

- Hver er stefnan?
- Hversu mikil tengsl eru milli kennslu og rannsókna?
- Hvernig komast stúdentar í snertingu við rannsóknir?
- Hvaða hlutverki gegna rannsóknir í náminu?

Verkefni úttektarhópsins var að mynda sér skoðun á grundvelli allra upplýsinga sem deildirnar létu í té og samræðna sem haldnar voru á hverjum stað og vörðuðu gæði menntunarinnar og kennslunnar. Ennfremur skyldi hópurinn taka tillit til væntinga nemanna, þjóðfélagsins og framtíðarvinnuveitenda, að svo miklu leyti sem unnt væri.

Heimsóknirnar fóru fram í janúar 1998, samkvæmt sérstakri áætlun. Á hverjum stað voru haldnir fundir með yfirstjórn skóla, forsvarsmönnum námsbrauta, öðrum kennurum og nemendum.² Þá fundaði hópurinn einnig daglega til að bera saman bækur sínar og fara yfir athugasemdir um hvern skóla. Að heimsóknunum loknum kom hópurinn saman til að setja saman drög að skýrslu. Íslendingarnir hittust þrisvar til að ræða skýrsluna, auk þess sem þeir sendu tölvupóst sín á milli. Skýrslan var þrisvar sinnum send erlendu þátttakendum í tölvupósti og þeir skiluðu athugasemdum sínum jafnharðan, einnig í tölvupósti.

1.3 Mat á úttektinni

Strax á fyrsta fundi úttektarhópsins var ljóst að ekki væri hægt að einskorða skýrsluna við hlutaðeigandi skóla heldur yrði einnig að skoða opinbera stefnu í ýmsum málum. Tími og fjármunir til þess voru þó af skornum skammti og setur það mark sitt á umfang og gæði úttektarinnar. Það hefði auðveldað starf hópsins hefðu honum verið lagðar til ýmsar

² Sjá viðauka

nauðsynlegar upplýsingar frá ráðuneytinu, svo sem um væntanleg eftirspurn eftir kennurum á Íslandi, fjöldi réttindalausra kennara o.fl.

Sjálfsmatsskýrslurnar voru mjög ólíkar og gáfu ekki fullnægjandi upplýsingar. Það torveldaði starf hópsins. Í skýrslu HA var kvartað yfir því hve stuttur tími hefði gefist til að vinna hana. Skýrsla HÍ var uppfærð skýrsla frá fyrri árum og samræmdest hún ekki því formi sem gert er ráð fyrir í leiðbeiningum. Í heild gáfu sjálfsmatsskýrslurnar of litlar upplýsingar (sjá nánar undir hverjum skóla).

Sjálfsmatsskýrslurnar voru samdar á íslensku í skólunum sjálfum og síðan að hluta þýddar á ensku fyrir hina tvo erlendu þátttakendur í úttektarhópnum. Allir viðaukar og fylgiskjöl voru á íslensku og því urðu þeir að reiða sig á Íslendingana um aðgang að þeim upplýsingum. Á öllum fundum úttektarhópsins og í skólunum fóru samskipti aðallega fram á ensku. Þótt flestir sem í hlut áttu séu vel talandi á enska tungu er hugsanlegt að ófullnægjandi upplýsingar og stöku misskilning megi í einhverjum tilvikum rekja til tungumálsins.

Mjög stutt var á milli heimsóknna og gafst lítil tími til að ræða niðurstöður hópsins milli funda. Ákjósanlegt hefði verið að hópurinn hefði einn dag milli heimsóknna í hinar mismunandi menntastofnanir til að skiptast á skoðunum og taka saman niðurstöður. Sumir nemar og kennarar kvörtuðu yfir litlum undirbúningi fyrir fundina og sögðust hefðu getað gefið meiri upplýsingar, sem að gagni hefðu komið, hefðu þeir haft meiri vitneskju um form og dagskrá fundanna.

Allt sem að ofan er sagt hefur áhrif á gæði þessarar úttektar.

Að lokum færir hópurinn öllum, sem komu að þessu mati, bestu þakkir. Við viljum þakka umsjónarhópi vegna mats á kennaramenntun fyrir undirbúninginn og kennurum og nemendum við skólana fyrir hjálpsemina, sem og að leggja til aðstöðu. Það er von okkar að niðurstöðurnar stuðli að áframhaldandi þróun kennaramenntunar á Íslandi.

2.0 Almennt yfirlit

2.1 Eðli kennaramenntunar og innbyggð vandamál

Um heim allan eru viss vandamál tengd því að mennta kennara. Á þeim er engin einföld lausn en þau verða heldur ekki umflúin, og það setur óhjákvæmilega mark sitt á þessa skýrslu.

Ætlast er til þess að kennari viti margt og geti margt. Auk þess að kunna sína sérgrein til fullnustu á hann að geta kennt hana með góðum árangri, hafa góða innsýn í aðrar menntandi greinar, svo sem heimspeki, sögu og stjórnmál, skilja til hlítar ýmsa sálfræðilega þætti, þar á meðal þroskasálarfræði og námskenningar, hafa skilning á aðstæðum nemenda og mismunandi þörfum hvers og eins, geta unnið vel með foreldrum, öðrum kennurum o.s.frv.

Vegna allra þessara ólíku væntinga er viðbúið að enginn geti nokkurn tíma orðið fullkominn í þessu starfi og alltaf verða einhverjir sem telja það nám sem boðið er upp á til kennslustarfa ófullkomið.

Það er sígilt álitamál hvert sé rétt hlutfallslegt vægi milli náms í sérgrein og náms í uppeldisgreinum. Þeim sem vinna á hinum ýmsu sviðum þekkingar finnst oft sem almennir kennarar séu ekki nógu vel að sér í sérgreinum þeirra. Á móti telja aðrir, sem leggja meira upp úr uppeldisfræðinni, að kennarar séu of fákunnandi um þætti eins og það með hvaða hætti á að meta framfarir nemenda, hjálpa nemendum með lestrarörðugleika, nýta sér nýja tækni og þess háttar. Þótt kennaranámið væri lengt væri ógerningur að koma algjörlega til móts við þessi sjónarmið. Allt kennaranám felur óhjákvæmilega í sér málamiðlanir og sumir mikilvægir málaflokkar hljóta alltaf að fá ónóga athygli.

Það er alltaf umdeilt hversu miklum tíma skuli varið úti í skólunum við æfingakennslu til menntunar kennara. Það er þó ljóst að verðandi kennarar leggja gífurlega mikið upp úr æfingakennslunni, en sá tími sem varið er í skólunum nýtist þá ekki til frekari menntunar kennara í sérgreinum. Það verða því alltaf einhverjir sem telja að núverandi fyrirkomulag sé ekki það ákjósanlegasta.

Á sama hátt verða alltaf einhverjir þeirrar skoðunar að kennaranám sé of fræðilegt á meðan aðrir telja að of mikil áhersla sé lögð á kennslutæknina á kostnað dýpri skilnings í faginu sjálfu og uppeldisfræðinni.

Kennaranám er yfirleitt ekki hátt skrifað í háskólum. Vera má að kennaranám í háskólum sé ekki talið jafn strangfræðilegt og nám í hefðbundnum háskólagreinum og almennt talið að í það leiti ekki nógu margir góðir námsmenn. Það getur verið erfiðleikum bundið að fá aðrar háskóladeildir til samstarfs við uppeldis- og menntunarfræðideildir, þótt slíkt samstarf sé höfuðnauðsyn eigi námið að skila árangri.

2.2 Aðstæður á Íslandi

Fjölmargir þættir íslenskra menntamála hafa veigamikil áhrif á kennaramenntun í landinu:

Laun kennara eru lág á alþjóðlegan mælikvarða. Það kann að valda því að erfitt getur verið að fá framúrskarandi námsmenn til að leggja fyrir sig kennslu og leiðir líklega til þess að kennarar staldra stutt við, sem aftur dregur úr gæðum menntunar á sama tíma og það veldur því að það þarf að mennta fleiri kennara.

Úttektarhópurinn hafði ekki aðgang að góðum upplýsingum um kennaraþörfina og því er erfitt að dæma um hvort heildarframboð grunnnáms fyrir kennara sé nægilegt eins og það er nú, en þó er útlit fyrir að áfram verði verulegur fjöldi kennara án formlegra réttinda.

Margir fámennir skólar í dreifbýlinu þurfa kennara með þekkingu og hæfni á mörgum sviðum.

Framhaldsskólinn á Íslandi tekur mörg ár miðað við núverandi kerfi. Að baki er 14 ára skólaganga áður en nám á háskólastigi hefst – einu til tveim árum lengri en víðast hvar erlendis. Þetta gerir það að verkum að erfiðara er að lengja nám á háskólastigi; fólk er einfaldlega búið að sitja of lengi á skólabekk áður en það getur farið út á vinnumarkaðinn.

Menntakerfið er fremur lítið miðstýrt, skólar og háskólar njóta tiltölulega mikils sjálfstæðis að því er varðar mannaráðningar og námsefni og því er erfitt um vik að þróa og koma á samræmdu námi og stefnu um allt land.

Núverandi framboð á sumarnámskeiðum og öðrum námskeiðum fyrir starfandi kennara nægir ekki og fá margir kennarar ekki inni á þeim námskeiðum sem þeir hafa hug á að sækja.

2.3 Áherslur kennaramenntunar

Það mikilvægasta sem úttektarhópurinn getur ráðlagt er breyting á áherslum kennaramenntunar á Íslandi. Í stað þess að vera fyrst og fremst grunnmenntun fyrir kennara feli námið í sér símenntun alla ævi. Af ástæðum sem þegar hafa verið raktar telur hópurinn óhjákvæmilegt að grunnmenntunin verði alltaf ófullnægjandi. Með breyttum aðstæðum þurfa kennarar að tileinka sér nýja kunnáttu. Þannig hefur kennari sem lauk námi fyrir 25 árum, og margir þeirra eru enn að störfum við skóla landsins, engan undirbúning fengið í beitingu upplýsingatækni, svo dæmi sé nefnt, hversu góð sem menntun hans er að öðru leyti.

Auk þess er einsýnt að kennarar eru oft beðnir að taka að sér verkefni sem þeir hafa ekki menntað sig til – svo sem að kenna aðrar greinar eða á öðru aldurstigi. Þótt fræðilega séð megi setja ýmis skilyrði fyrir grunnréttindum kennara og gera kröfur um endurmenntun kennara sem fara á milli bekkja, er það staðreynd að alltaf verður þónokkur fjöldi kennara við störf sem þeir hafa ekki hlotið viðhlítandi menntun til.

Á Íslandi er þess vegna þörf á kerfi sem tekur til alls landsins, sér kennurum fyrir góðri grunnmenntun og sér einnig fyrir víðtækri endurmenntun, sem ýmist gefur formleg réttindi eða ekki. Til að koma slíkri endurmenntunaráætlun á þarf góðan stuðning frá ráðuneytinu, þar á meðal fjárhagslegan, og ættu viðkomandi skólar á háskólastigi, samtök kennara og sveitarfélög að vinna saman að undirbúningi og framsetningu hennar. Eins og málum er nú háttáð verja þeir þrír skólar sem annast menntun kennara miklu stærri hluta af fjárveitingu sinni til grunnmenntunar en stöðugar endurmenntunar kennara. Þær tillögur sem hér fara á eftir eiga að stuðla að því að efla það mikilvæga markmið að taka upp breyttar áherslur í menntun kennara, með símenntun alla ævi.

Það sem að ofan er sagt merkir hvorki að úttektarhópurinn efist um gildi góðrar grunnmenntunar fyrir kennara né að hann vilji veikja það nám sem íslenskum kennaranemum er nú boðið upp á, með því að færa fjármuni úr einum stað í annan. Til að koma í veg fyrir misskilning vill úttektarhópurinn leggja áherslu á það sem hann telur höfuðatriði, þ.e. að grunnmenntun íslenskra kennara verði bætt og jafnframt unnið að því að koma á skipulegu kerfi símenntunar í skólunum.

3.0 Skólarnir þrír

3.1 Almennt yfirlit

Almennt má segja að skólarnir þrír sýni athyglisverða og merka viðleitni til að uppfylla þörf fyrir kennaramenntun. Hópurinn varð hvarvetna var við mikinn kraft og nýsköpun, jákvætt viðhorf og hjálpfúsa kennara. Margir leggja hart að sér og nemendur eru upp til hópa afar ánægðir með námið. Í heild má því segja að skólarnir eigi hrós skilið fyrir starfið sem þar er unnið. Um leið er ljóst, og það viðurkenna forsvarsmenn þeirra fúslega, að margt er enn ógert og mörg vandamál óleyst í öllum skólunum.

Úttektarhópurinn lítur einnig svo á að mikilvægustu atriðin varði menntastefnu þjóðarinnar í heild fremur en þessar tilteknu menntastofnanir, og enda þótt hópurinn komi með athugasemdir varðandi hvern skóla fyrir sig fjallar þessi skýrsla um mál sem taka til þeirra allra þriggja sem og stjórnvalda.

3.2 Framtíðarsýn á kennaramenntun

Í öllum skólunum var lögð áhersla á að vinnan við sjálfsmatið hefði verið gagnleg, þótt ekki hefði alltaf gefist nægur tími til hennar. Þrátt fyrir það sýndist úttektarhópnum sem kennaramenntun í öllum skólunum tæki fyrst og fremst mið af nútíðinni og þar skorti skýra framtíðarstefnu. Væntingar varðandi framtíðina virðast ráðast af aðgerðum annarra, svo sem því hvort ráðuneytið lengir kennaranámið. Það er mat hópsins að skólarnir verði að koma sér upp skýrari langtímaáætlun í málum sem eru á valdi þeirra. Í hverjum skóla ætti að vera til opinbert plagg þar sem gerð er grein fyrir áætlunum skólans um þróun starfsins að því er varðar grunn- og endurmenntun kennara, framhaldsnám (þar sem það á við) og rannsóknir sem tengjast kennaramenntun og þróun menntamála. Í þeirri áætlun ætti ekki að gera ráð fyrir að ráðuneytið geri meiriháttar breytingar, svo sem með því að lengja námið eða bæta við eins árs starfsþjálfun.

3.3 Samhæfing milli skólanna þriggja

Þótt hver þessara menntastofnana eigi sér sína sögu, hlutverk og yfirbragð eru þær á einu máli um að samstarf þeirra á milli gæti verið meira. Nýlega voru stigin skref í þessa átt, og er skýrslan frá 1997, sem skólarnir gáfu út sameiginlega, til marks um það. Einnig eru mörg dæmi um jákvætt samstarf milli einstaklinga í öllum þrem skólunum og starfsmenn þeirra allra kváðust reiðubúnir að hafa nánara samstarf. Þrátt fyrir það sýnist úttektarhópnum að tengslin gætu verið mun sterkari og telur að skólarnir verði að halda áfram að vinna að frekara samstarfi, til að koma sem best til móts við þarfir þjóðarinnar.

Meðal þeirra sviða sem ætti að ræða og samræma innan skólanna þriggja eru:

- gerð námsáætlunar í öllum greinum (t.d. uppbygging námskeiða, kennslugögn);
- skipulagning kennsluréttindanáms (t.d. fyrir fólk með faggreinamenntun) í því skyni að tryggja að allir, hvar sem þeir eru á landinu, hafi góðan aðgang að kennsluréttindanami. Réttindanamið sé byggt á fjarnámi og sérstaklega hugsað fyrir starfandi réttindalaus kennara og fólk sem vinnur við skyldar stofnanir og hefur hug á að afla sér formlegrar kennaramenntunar;
- almenn þróun fjarkennslu þannig að skólarnir geti með samnýtingu nýtt fjármagn betur;
- átak í endurmenntun þannig að sem flestir kennarar landsins geti valið úr ýmsum möguleikum.

Með þessu er úttektarhópurinn ekki að leggja til að skólarnir keppi ekki hver við annan. Samkeppni upp að vissu marki er holl og hópurinn vill ekki að skólarnir glati sérkennum sínum, enda eru þeir hver með sínu sniði. Eins og málum er nú háttað sýnist hópnum þó að vel sé komið til móts við sumar þarfir en aðrar ekki.

Mikilvægir aðilar utan skólanna þriggja verða einnig að taka þátt í þessu samstarfsferli, svo sem kennarasamtök og fulltrúar grunn- og framhaldsskóla. Við hvetjum eindregið til þess að háskólarnir þrír komi á öflugum samstarfi að eigin frumkvæði. Verði ekki stigin ákveðin skref í þá átt nokkuð fljótlega leggur hópurinn til að menntamálaráðuneytið skipi nefnd sem hafi það verkefni að samræma þróun kennaramenntunar í landinu.

3.4 Fjarkennsla

Í öllum þrem skólunum hefur fjarkennsla verið hafin að einhverju leyti og eru þau mál lengst á veg komin í KHÍ. Þar eð kostnaðarsamt getur verið að koma á fjarkennslu og þar eð hún varðar alla landsmenn leggjum við til að átak verði gert á landsvísu í þróun fjarkennslu fyrir kennaranema, í samvinnu háskólanna þriggja og menntamálaráðu-neytis, þar sem bæði verði boðið upp á grunnkennaramenntun og endurmenntun fyrir þá sem vilja eða þurfa á slíku að halda. Ekki ætti að líta á fjarnám sem aðgreint nám heldur ættu slíkir möguleikar til að vinna sjálfstætt að bjóðast öllum nemum, hvar sem þeir kunna að vera í sveit settir.

3.5 Lengd námsins

Ekki er um að ræða ákveðna kjörlengd kennaranáms. Lengd námsins í ýmsum löndum hefur breyst úr einu ári í þrjú, eða allt upp í fjögur eða fimm, en áhyggjur manna af kunnáttu í kennslufræði, auk þekkingar í því fagi sem kennt er og stuðningsgreinum, eru þær sömu eftir sem áður. Rannsóknir sýna ekki tengsl milli árafjölda í námi og árangurs kennaranema. Því skiptir lengd grunnkennaramenntunar minna máli en kerfi sem býður upp á tækifæri til endurmenntunar kennara allan starfsferilinn. Hópurinn telur að ríkið eigi að leggja megináherslu á að efla og styrkja endurmenntun kennara. En þar eð margoft hafa verið gefin fyrirheit um lengingu kennaranáms í fjögur ár ætti ráðuneytið að lýsa því yfir afdráttarlaust sem fyrst hvort þeirri breytingu verði komið á eða ekki.

3.6 Gagnasöfnun

Allir skólarnir ættu að gera reglulegar kannanir meðal nemenda sinna, fyrrverandi jafnt sem núverandi, til að kynna viðhorfum þeirra til námsins og heyra um afdrif og afstöðu fyrrverandi nemenda (einnig þeirra sem ekki luku náminu).

3.7 Réttindalausir kennarar

Í öllum þrem skólunum kom það skýrt fram að mikil eftirspurn er eftir kennsluréttindanámi frá fólki sem starfað hefur við kennslu án þess að hafa réttindi til þess. Þörf er á að stofnanirnar vinni saman að því að koma á markvissu námi, þannig að kennurum á öllu stigum alls staðar að á landinu sé gert kleift að öðlast kennararéttindi með sjálfstæðu námi og fjarnámi. Allir skólarnir hafa farið inn á þessa braut að einhverju leyti en með samvinnu má nýta fjármagnið betur til að fullnægja þörfinni.

3.8 Kennsla í raungreinum og stærðfræði

Það er ljóst að á Íslandi eru allt of fáir kennarar með trausta menntun í raungreinum og stærðfræði. Sömu sögu er að segja um mörg önnur lönd. Hér er um vítahring að ræða – hafi nemandi ekki góðan kennara í þessum greinum eru minni líkur til þess að hann fái áhuga á þeim og einnig minni líkur á að hann leggi fyrir sig háskólanám í þessum greinum og verði kennari. Þetta vandamál verður ekki leyst einungis innan þeirra stofnana sem sjá um að mennta kennara, því kennarar, einkum framhaldsskólakennarar, þurfa að ljúka háskólanámi í þessum greinum og sárafáir innritast í þær, til dæmis í stærðfræði við Háskóla Íslands. Ýmsar nefndir vinna nú að endurskoðun námsefnis í þessum greinum. Mjög mikilvægt er að bæta kunnáttu starfandi kennara með því að bjóða upp á sérstök námskeið í háskólunum þrem. Þá gætu háskólarnir veitt nemendum í þessum greinum meiri stuðning er þeir hefja kennaranám – til dæmis í raungreinánámi við Háskólann á Akureyri

– þannig að þeir heykist ekki á að leggja fyrir sig kennslu í raungreinum af ótta við að undirbúningi þeirra sé áfátt. Nánar verður rætt um þennan vanda í umfjöllun um hvern háskóla fyrir sig.

3.9 Notkun upplýsingatækni við menntun kennara

Mikilvægt er að greina á milli þess að læra um upplýsingatækni og læra að nota upplýsingatækni. Í kennaranámi ætti að leggja megináherslu á notkun upplýsingatækni og flétta henni inn í allar aðrar námsgreinar. Tölvubúnaður er nauðsynleg forsenda framfara á þessu sviði, en hann er ekki eina forsendan og ekki skyldi einblína um of á vélbúnaðinn. Kennsluhugbúnaður í hinum ýmsu greinum og almenn notkun upplýsinga á tölvutæku formi hefur miklu meiri þýðingu frá sjónarmiði menntunar.

Upplýsingatæknin hefur breytt vinnustað stórs hluta þjóðarinnar, en enn sem komið er gætir áhrifa hennar lítt í kennslustofum. Gera má ráð fyrir gífurlegum breytingum í þessu efni, jafnvel innan eins áratugar. Samt sem áður væri það soun að fjárfesta í miklum tækjabúnaði ef kennarar eru ekki nægilega vel undir það búnir að tvinna tæknina inn í kennsluna. Því ætti að verja verulegum hluta fjárveitinga í þessum málaflokki til menntunar kennara. Ekki er nema að litlu leyti hægt að sjá fyrir þær hröðu breytingar sem eiga eftir að verða á þessu sviði og því skiptir sköpum að starfandi kennurum sé boðið upp á námskeið og stuðning. Ekki má þó vanmeta gildi grunnmenntunar kennara, en hún verður því aðeins öflug að starfsfólk kennaramenntastofnana tileinki sér stöðugt nýjungar á þessu sviði.

Svo virðist sem íslensku háskólarnir þrír standi sig vel í notkun upplýsingatækni við menntun kennara í samanburði við hliðstæða skóla erlendis. Þeir eru áhugasamir og eru allir komnir áleiðis í að auka kennslu á þessu sviði. Hins vegar kvarta nemendur yfir því að þeir hafi lítinn aðgang að tölvuaðstöðu. Úttektarhópurinn telur að núverandi áætlanir skólanna í þessum málum stefni í rétta átt, en að sjálfsögðu væri til bóta ef fjármagn til þeirra væri aukið.

4.0 Mat á skólunum

Í þessum hluta er fyrst fjallað um almenn atriði sem eru sammerkt með öllum skólunum og síðan sértæk atriði sem varða hvern skóla um sig. Athugasemdirnar eru byggðar á upplýsingum sem aflað var með heimsóknum og skýrslum um sjálfsmat.

4.1 Sameiginleg einkenni skólanna þriggja

Gæði menntunar ráðast af mörgum mismunandi þáttum og túlka má hugtakið gæði á ýmsa lund. Meðal þess sem þar hefur áhrif eru tilgangur og markmið og aðferðir við að ná markmiðum og inntak og þyngdarstig hlutaðeigandi námsgreinar. Inntakið ræðst einnig mjög af markmiðunum og því hvernig þau koma fram í þeim verkefnum sem nemendum eru sett. Úttektarhópurinn byrjaði á að beina sjónum að tengslunum milli markmiða og uppbyggingar námsins í hverjum skóla.

Stefna og markmið:

Tengslin milli markmiða og uppbyggingar námsins voru ekki skýrt skilgreind í sjálfsmatsskýrslunum. Hópnun þótti sem langtímastefnumörkun væri minni en æskilegt er, þótt hennar gætti heldur meira í HÍ en hinum skólunum. Fjallað er nánar um þetta í köflum um hvern skóla. Gagnsemissjónarmið setja mjög svip sinn á námið (sem er eðlilegt) en skólarnir þurfa að hyggja meira að framtíðinni.

Ekki voru skýr tengsl milli aðalnámsskrár og kennaranáms í skólunum þrem. Aðspurðir sögðust nemendur kynnast aðalnámsskrám í sérgreinum sínum en bentu á að kennsla í grunn- og framhaldsskólum væri ekki byggð á formlegum námsskrám heldur miklu fremur á aðgengilegu námsefni og að þannig réðu kennslubækurnar mestu um hvað væri kennt. Þessi ummæli urðu úttektarhópnunum tilefni til að spyrja: „Að hve miklu leyti er stuðst við aðalnámsskrána í íslenskum skólum?“

Inntak námsins og kennsla:

Allir skólarnir taka þá afstöðu að gera námið sem yfirgripsmest, en alltaf finnst mönnum þó sem einhver svið fái ónóga athygli og á það e.t.v. ekki síst við um æfingakennsluna og sérþekkingu í einstökum námsgreinum. Segja má að þetta eigi þó síður við um HA en HÍ og KHÍ.

Þótt nemendur séu nokkuð ánægðir með þá kennslu sem þeir fá telja þeir að of mikill hluti hennar fari fram í fyrirlestrum og minna sé um gagnvirka miðlun en kennarar telja. (Þetta á

síst við um HÍ. Hér mættu kennarar staldra við og skoða hvernig kennslunni er í raun háttað og hvort gagnvirk miðlun sé nógu mikil).

Nemendur töldu ennfremur að í námsefninu skorti íslenskar upplýsingar, t.d. tölulegar upplýsingar um íslenska skólakerfið, enda er námsefnið að miklu leyti á erlendum tungumálum og um erlendar aðstæður. Þetta vakti spurningar um sambandið milli rannsókna og kennslu og verkefna nemenda og nauðsyn þess að auka tengslin þarna á milli.

Nemendur og kennarar:

Það vakti almenna athygli úttektahópsins hversu litlar upplýsingar um nemendur var að finna í skýrslunum, t.d. um árangur þeirra. Búast hefði mátt við að menntastofnanir styddust við traust reynslugögn varðandi námið, en þau skortir enn sem komið er oft.

Í samanburði við erlendar menntastofnanir virðast skólarnir þrír búa við nægan mannafla miðað við núverandi hlutverk þeirra og nemendafjölda. Ekki er að efa að fjölgun starfsfólks deilda yrði hverjum skóla til framdráttar. En úttektahópurinn er þeirrar skoðunar að skólarnir þurfi að leita leiða til að nýta kennaraliðið betur – auka samhæfingu milli stofnana, samnýta námskeið þvert á greinar, fækka stuttum námskeiðum og stytta þannig undirbúningstíma.

Breytingar á launakerfi skólanna væri til mikilla bóta, breytingar á þá leið að greidd væru hæfileg laun fyrir hæfilegan kennslustundafjölda. Fjárhagsleg hvatning til að taka á sig viðbótarkennslu ætti ekki að vera eins mikil og raun ber vitni. Ekki ætti að greiða hærri laun fyrir kennslu í formi fyrirlestra en aðra kennslu.

Tryggja þarf að nemendur sem vinna fullt starf, eða eru bundnir af öðrum skyldum, eigi þess raunhæfan kost að stunda hlutanám. Skólarnir þurfa að finna leið til að gera sumum nemum kleift að ljúka slíku námi á lengri tíma, t.d. með námskeiðum sem þeir ljúka algjörlega á eigin spýtur eða með því að leyfa að einhver námskeið séu tekin við aðra skóla.

Allir skólarnir mættu leggja sig betur fram um að fá æfingakennara til liðs við sig, þjálfa þá og styðja.

Allir skólarnir þurfa að leggja sig betur fram um að þróa öflug og stöðug samskipti við skóla, sveitarfélög, samtök kennara og aðra sem hafa þann áhuga á menntamálum sem til þarf. Þátttaka þessara aðila þarf að vera umtalsverð og regluleg.

Rannsóknir:

Almennt er hlutfallið milli kennslu og rannsókna ekki sem skyldi. Gera ætti ráðstafanir, jafnt innan skólanna sem í ráðuneytinu, til þess að bæta skilyrði til rannsókna. Með hvaða hætti það yrði gert er tilefni í aðra úttekt.

Það er vinnuregla í ýmsum löndum að hver deild innan menntastofnunar setji saman bæði langtíma- og skammtímaáætlun um rannsóknir deildarinnar og hvers einstaklings áður en fjárhagsáætlanir eru samþykktar og fjármagni veitt til stofnananna. Þetta er spurning um forgang og til þess að geta boðið upp á nám byggt á rannsóknum þarf hver skóli að leggja höfuðáherslu á rannsóknir.

4.2 Háskóli Íslands (HÍ)

Kennsluréttindanámi var komið á við HÍ árið 1951 og var það í fyrstu í formi námskeiða á vegum heimspekideildar. Námið hefur farið fram á vegum Félagsvísindadeildar frá árinu 1976. Það er ætlað kennurum í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum.

Kennaranám við HÍ er fjögurra ára nám (120 einingar), þriggja ára nám í sérgrein til B.A.-eða B.S.-gráðu og eins árs nám í uppeldis- og menntunarfræði. Um 50 manns ljúka náminu árlega.

Úttektarhópurinn las sjálfsmatsskýrslurnar og hélt fundi með yfirstjórn, kennurum og nemendum³ samkvæmt sérstakri áætlun⁴. Fundirnir fóru fram í HÍ 12. janúar 1998.

Skýrsla um sjálfsmat:

Þar eð sjálfsmatsskýrslan var eina heimildin sem úttektarhópurinn gat byggt á olli það nokkrum vanda að skýrslan var skrifuð árið 1996 og var ekki í samræmi við þær leiðbeiningar sem skólunum og úttektarhópnum var ætlað að fylgja. Viðbótarskýrsla fylgdi fyrir árið 1997 með nýjustu upplýsingum (4 bls.). Skýrslan gaf knappa lýsingu en var greinandi og gerði grein fyrir áætluðum framtíðarbreytingum. Það hefði verið gagnlegt að hafa meiri upplýsingar ásamt reynslugögnum um námið. Þá fylgdi skýrslunni sáralítið af skýringarefni og öðrum gögnum, svo sem tölfræðilegum. Skýrslan í heild virtist vera orðin úrelt þegar að heimsóknnum kom.

Skýrsla, sem tekin var saman af þrem sjálfsmatshópum í íslenskuskor, líffræðiskor og stærðfræðiskor, var send Íslendingunum í úttektarhópnum tveim vikum eftir heimsóknirnar. Vegna þess hve seint skýrslan barst gafst úttektarhópnum ekki tækifæri til að ræða hana við sjálfsmatshópana.

Helstu niðurstöður:

Yfirleitt er margt jákvætt gert í þessari stofnun. Það vakti t.d. sérstaka athygli úttektarhópsins hve kennararnir lögðu á sig mikla vinnu og voru opnir og einnig hve mikill kraftur virtist vera í náminu. En úttektarhópurinn beindi sjónum sínum einkum að þeim þáttum sem þurfa athugunar við og fyrir bragðið er hér ekki fjallað um ýmsa jákvæða og athyglisverða þætti starfseminnar svo sem vert væri.

³ Viðauki II – skrá yfir þátttakendur í HÍ

⁴ Viðauki III – dagskrá funda í HÍ

Háskólinn þarf að veita aðstandendum kennsluréttindanámsins góðan stuðning við að efla samskipti við aðrar deildir og skorir, einkum í þeim greinum þar sem mikill skortur er á kennurum. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt og má þar nefna að árið 1992 lagði nefnd skipuð fulltrúum kennsluréttindanámsins og Raunvísindadeildar fram tillögur um breytingar á menntun kennara í stærðfræði og raungreinum. Breytingatillögurnar mættu andstöðu og einnig virðist sem sumar þeirra hafi brotið í bága við þær kröfur sem gerðar eru varðandi lögverndun kennarastarfsheitis í framhaldsskóla. Þeim var að minnsta kosti ekki hrundið í framkvæmd og urðu því engar framfarir næstu fimm ár. Nú er kominn tími til að brjótast út úr þessari sjálfheldu. Það sem aðstandendur kennsluréttindanámsins þarfnast er skýr stuðningsyfirlýsing frá æðstu yfirstjórn skólans og hugsanlega einnig frá ráðuneytinu.

Háskóli Íslands ætti að gera könnun meðal fólks í hinum ýmsu greinum, sem brautskráðst hefur frá skólanum, til að komast að því hversu margt af því fæst við kennslu að einhverju ráði – úttektarhópurinn grunar að hlutfall þeirra sem það gera sé mun hærra en menn innan deildanna kynnu að ætla.

Aðstandendur kennsluréttindanámsins ættu að hugleiða að koma á þeirri skipan að nemendur fengju inngöngu í kennsluréttindanámið og gætu síðan lokið einhverju af hinu eiginlega háskólanámi – hugsanlega í greinum þar sem þörfin er mest, svo sem raungreinum og stærðfræði.

Úttektarhópurinn mælir eindregið með því að námskeið í hagnýtri kennslufræði verði hluti af B.A./B.S.- námi í viðkomandi grein (t.d. námskeið í eðlisfræðikennslu, íslenskukennslu o.þ.h.). Við viljum hvetja HÍ til að gera þetta að meginreglu. Nemendur sem lykju slíku námskeiði gætu þá í staðinn bætt við sig aukanámskeiði í sérgreininni sem hluta af kennsluréttindanáminu.

Aðeins um helmingur þess fjölda sem sækir um inngöngu í kennsluréttindanámið kemst að hverju sinni. Þetta getur jafnvel haft áhrif á það nám í íslenskuskor sem ætlað er verðandi kennurum, því þeir geta átt það á hættu að fá ekki inngöngu í kennsluréttindanámið. Áætlanir hafa verið uppi um svipað nám í öðrum skorum, en þar mundi sami vandi koma upp. Í ljósi þess að skortur er á kennurum er mjög brýnt að veita fleiri nemendum inngöngu í kennsluréttindánám.

Æskilegt er að hafa stundakennara starfandi við kennsluréttindanámið. Þær stöður ættu ekki að breytast í fastar stöður háskólakennara, því þar með drægi úr tengslum námsins við skólana.

Bæta þarf námskeið í tölvunotkun, aðgang að tölvum og aðstöðu alla enn frekar til að þjóna þörfum nemenda.

Helstu áhyggjuefni úttektarhópsins vörðuðu samstarf milli kennsluréttindanámsins og hinna ýmsu deilda og skora innan Háskóla Íslands.

Stefna, markmið og inntak námsins:

Markmiðin eru skýrt skilgreind í sjálfsmatsskýrslunni en ekki kemur fram hvað liggur til grundvallar þeim markmiðum. Þá skortir einnig lýsingu á náminu, inntaki þess og tengslum þess við markmiðin.

Greiningarhluti skýrslunnar gefur hins vegar til kynna að skýr tengsl séu milli markmiðanna og námsins og að það séu markmiðin sem ráði ferðinni. Heimsóknin í skólann staðfesti þetta.

Kennsluaðferðir – æfingakennsla:

Nemendur létu í ljósi almenna ánægju með kennsluaðferðirnar. Þeim fannst vera komið fram við sig sem jafningja og þeir kváðust taka þátt í að móta námsefnið. Glöggt samræmi var milli hinna einstöku greina og æfingakennslunnar og þau töldu flesta kennarana vera góðar fyrirmyndir í starfi. Það sem nemendurnir kvörtuðu helst yfir var mikið vinnuálag og of lítil æfingakennsla. Þá töldu þeir sig þurfa betri tölvunámskeið og meiri aðgang að tölvum.

Í æfingakennsluáætlunum virðist HÍ gera ráð fyrir eins árs starfsþjálfun kennaraefna, án þess að hafa nokkra vissu fyrir því að slíku verði komið á.

Háskólinn verður að leita leiða til að auka æfingakennslu. Einn möguleiki væri sá að lengja skólaárið í háskólanámi þannig að það yrði meira en 26 vikur, eins og tíðkast víða erlendis.

Stærðfræði og raungreinar:

Háskóli Íslands er vettvangur þeirra sem leggja stund á nám í stærðfræði og raungreinum.

Skólinn verður því að geta lagt til þann fjölda kennara sem þörf er á í þessum greinum, og er mikilvægt að hann leiti leiða til þess að svo geti orðið.

Skortur á kennurum í stærðfræði og raungreinum er mjög tilfinnanlegur. Unnið hefur verið að sameiginlegu átaki allra skólanna þriggja frá árinu 1997. Nefndir hafa skilgreint ástandið og komið með tillögur að lausnum. Raunar hefur þegar verið komið á stuðningsnámskeiðum fyrir kennara sem þurfa að bæta formlega menntun sína í stærðfræði og eðlis- og efnafræði. Úttektarhópurinn styður þetta framtak.

Á undanförunum 25 árum hefur alls 101 nemandi útskrifast með B.S.-gráðu úr stærðfræðiskor en þar af eru aðeins um 15 starfandi við kennslu í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Það gefur auga leið að slíkur afrakstur skilar ekki þeim kennarafjölda sem til þarf. Því er þörf á víðtækri endurmenntun fyrir starfandi kennara. Slíkt nám ætti alltaf að vera í boði en ekki aðeins einu sinni eða endrum og eins, þegar þurfa þykir.

4.3 Kennaraháskóli Íslands (KHÍ)

KHÍ er umfangsmestur stofnananna þriggja og með margþættasta starfsemi á sviði kennaramenntunar. Hann er arftaki Kennaraskóla Íslands, sem stofnaður var árið 1908. Skólinn var færður af framhaldsskólastigi á háskólastig árið 1971 og á sama tíma var starfsemi hans aukin og verulegar breytingar gerðar á menntun kennara. Skólinn hefur síðan verið að færa út kvíarnar og þróast sem höfuðmenntastofnun þjóðarinnar á sviði kennaramenntunar.

KHÍ skiptist í þrjár deildir:

1. Kennaradeild, þar sem annars vegar er veitt grunnnám til B.Ed.-prófs, en þaðan útskrifast um 120 manns á ári, og hins vegar kennsluréttindanám, sem um 20 manns ljúka árlega.
2. Framhaldsdeild, sem veitir meistaranám og hafa 9 manns lokið því fram að þessu.
3. Endurmenntunardeild. Nám við þessa deild var ekki tekið með í matinu. Sú ákvörðun ráðuneytisins að endurmenntun skyldi ekki vera með í þessari úttekt veldur því að mikið vantar inn í að úttektin gefi heildarmynd af kennaramenntun.

Úttektarhópurinn las sjálfsmatsskýrslurnar og hélt fundi með yfirstjórn skólans, kennurum og nemendum⁵ samkvæmt sérstakri áætlun⁶. Fundirnir voru haldnir í KHÍ 13.–15. janúar 1998.

Skýrsla um sjálfsmat:

Sjálfsmatsskýrslan var skýr og lýsandi. Einnig voru í lok hvers kafla hennar sérstakt mat og tillögur um úrbætur, og auðveldaði það úttektarhópnum að fá nauðsynlega yfirsýn. Gagnlegt hefði verið að hafa meiri reynslugögn um námið. Einnig hefði verið gagnlegt að hafa sérstaka kafla um námið við hinar mismunandi deildir skólans, t.d. uppeldisvísindadeild, sem lítið var fjallað um í skýrslunni. Markmið voru ekki skýr, né heldur hvernig þau eru yfirfærð í námsefnið, og áætlun um framtíðarþróun og framtíðarstefnu vantaði.

⁵ Viðauki IV – skrá yfir þátttakendur í KHÍ

⁶ Viðauki V – dagskrá funda í KHÍ

Helstu niðurstöður:

Flest af því sem hér á eftir er sagt á við um allar deildir og skorir skólans en til viðbótar eru síðan sérstakar athugasemdir (sjá að neðan).

Yfirleitt fer margt jákvætt fram í skólanum og sérstaka athygli vakti fjarnámið. Svo virðist sem námið sé yfirleitt traust og nemendur kunni vel að meta það. Skólinn hefur á að skipa mörgum hæfum kennurum sem vinna vel. En úttektarhópurinn beindi sjónum sínum einkum að þeim þáttum sem þurfa athugunar við og fyrir bragðið er ekki fjallað um ýmsa athyglisverða og jákvæða þætti starfseminnar svo sem vert væri.

KHÍ er stór og fjölbreytt stofnun en nokkuð laus í reipunum. Eitt brýnasta verkefnið sem skólinn stendur frammi fyrir er að skerpa áherslur, en þó þannig að kennarar njóti áfram hæfilegs sjálfstæðis. Núverandi skipulag og sú þróun sem á sér stað í KHÍ, vegna sameiningar hans og þriggja annarra skóla á háskólastigi, er flókin. Þar er að verða til stór og margsamsett stofnun þar sem töluverðrar aðlögunar er þörf.

Skólinn hefur slegið ýmsum málum á frest meðan beðið hefur verið eftir því að fjórða árið bættist við grunnnámið, en fyrirheit um það hafa margoft verið gefin og frestað jafnoft. Eins og áður var nefnt verður að fara að skera úr um þetta. Skólinn þarf síðan að gera það upp við sig hvert hann vill stefna.

Það hefur valdið erfiðleikum innan KHÍ að þar hafa kennarar tekist á um grundvallaratriði og hefur sá ágreiningur klofið menn í fylkingar – þar má nefna sérhæfingu annars vegar og almenna undirbúningsmenntun hins vegar. Finna verður leiðir til að leiða þessar deilur til lykta og komast nær einhvers konar samkomulagi um megindrætti námsins. Núverandi fyrirkomulag námsins snýst í of ríkum mæli um að vernda hagsmuni einstakra kennara. Of mörg stutt námskeið draga úr gæðum kennaramenntunarinnar. Erfitt getur verið fyrir nemendur að fá heildarsýn yfir greinar sem hafa verið slitnar sundur. Það er mjög aðkallandi að forystu skólans takist að gera úrbætur í þessum efnunum.

Launakerfið býður upp á að menn taki á sig meiri kennslu en æskilegt er og því þarf að breyta. Vinnuálag við kennslu og stjórnunarskyldur virðist standa rannsóknunum og öðru þróunarstarfi fyrir þrífum.

Allar þær aðstæður sem að ofan er lýst vekja þá spurningu hvort kominn sé tími til að endurskoða frá grunni uppbyggingu og skipulag KHÍ.

Stefna, markmið og inntak námsins:

Markmið eru mjög almenns eðlis og gæti verið gagnlegt að skilgreina þau betur. Vandí KHÍ felst m.a. í því að of margar breytingar hafa orðið á stuttum tíma. Margir kennaranna hafa með höndum kennslu á öllum stigum: í grunnnámi, kennsluréttindanámi, framhaldsnámi, endurmenntunarnámi o.s.frv. Hugleiða ætti hvort ekki væri æskilegt að menn einbeittu sér að færri verkefnum eða að kennarar væru ráðnir til starfa á afmörkuðu sviði þannig að kraftar þeirra væru ekki svo dreifðir.

Fjarkennsluátakið sem gert hefur verið innan KHÍ er ákaflega merkilegt og með útbreiddri notkun Íslenska menntanetsins mun það gegna veigamiklu hlutverki í menntun kennara í framtíðinni. En það þarf hins vegar að treysta undirstöður fjarnámsins til mikilla muna. Það getur ekki hvílt í jafnríkum mæli á starfi einstakra kennara og raun ber vitni. KHÍ ætti að vera leiðandi í því að móta framtíðarstefnu þjóðarinnar í fjarkennslumálum, en slíkt krefst samstarfs og stuðnings.

KHÍ hefur einnig lagt sig fram um að fella upplýsingatækni inn í kennaranámið og nýverið var námskeið á því sviði tekið upp aftur sem hluti af kjarnagreinum. Margir kennarar hafa kynnst tölvutækninni við það að koma námskeiðum sínum á það form sem fjarkennslan krefst og hjálpar það mikið við að byggja upp nauðsynlega reynslu og sérþekkingu meðal kennara skólans. Það hefur augljóslega verið mikill akkur fyrir tölvuþjónustu skólans að reka Íslenska menntanetið. Úttektarhópurinn fær ekki betur séð en að starfsemi skólans á þessu sviði sé með ágætum, og áætlanir þar að lútandi lofa góðu.

Í tengslum við hin ýmsu stuttu námskeið þurfa nemendur að ljúka of mörgum verkefnum og dregur það úr gæðum verkefna og veldur því að viðfangsefnin eru ekki brotin til mergjar. (Einnig getur þetta stuðlað að hærri einkunnum, svo mótsagnakennt sem það er).

Gefa ætti nemendum tækifæri til að kynnast raungreinum á fyrsta ári í grunnnámi og veita þeim síðan sérstakan stuðning kjósi þeir að leggja þær fyrir sig sem valgreinar. Í þessu efni gætu KHÍ og HÍ haft með sér samstarf.

Kennsluáðferðir – æfingakennsla:

Meiri áhersla er lögð á tækni en áður var og mörg námskeið hafa nýlega verið endurskoðuð. Enda þótt nokkrar umbætur hafi verið gerðar veldur of mikill fjöldi stuttra námskeiða enn vandamálum, sem og of mikið vinnuálag á nemendum og kennurum og skortur á heildarsamhengi í náminu.

Bæði kennarar og nemendur telja að þörf sé á meiri æfingakennslu og meiri kynningu með heimsóknum í skólana og heimsóknum frá skólunum.

KHÍ þarf að leita leiða til að fækka námskeiðum og auka vægi þeirra. Við mælum með því að ekkert námskeið sé metið til færri eininga en tveggja. Með því móti kynni einnig að skapast meiri tími til rannsókna.

Nemendur, stjórnun, ytri samskipti:

Nemendur í grunnnámi sögðust eiga erfitt með skilja hvernig nemendur væru valdir í skólann. KHÍ þarf að gefa nemendum skýrar til kynna hvað ræður inntöku í skólann. Eins og nú háttar vísar hann mörgum frá; sumir skrá sig síðan í annað nám sem þeir hafa ekki raunverulegan áhuga á (t.d. B.A.-nám við HÍ) til að auka líkurnar á inngöngu í KHÍ. Þetta virðist ekki skynsamleg stefna.

Skólinn ætti að sýna meiri viðleitni í þá átt að miða inntökuskilyrði við raunverulega þörf fyrir kennara í hinum ýmsu greinum. Því ætti til dæmis að veita nemanda með stúdentspróf af stærðfræðibraut framhaldsskóla forgang, þar eð líklegra væri að hann sérhæfði sig í stærðfræði- og raungreinakennslu.

Það gæti verið ómaksins vert að endurskoða stefnuna um 80% tímasókn, einkum þegar ýmis stutt námskeið eiga í hlut. Hvetja ætti nemendur til meira sjálfstæðis í námi. Nemendur við KHÍ kváðust ekki vita gjörlla hver mætingaskyldan væri í hinum ýmsu námskeiðum.

Eins og fram kom í sjálfsmatskýrslu og heimsóknum þarf að huga að upplýsingaflæði innan stofnunarinnar, svo sem frá yfirstjórninni til kennara og nemenda. Koma þarf skipulagi á misseriskannanir og nota þær með skilvirkari hætti.

Tryggja þarf að við skólann starfi sérmenntaðir kennarar en KHÍ þarf einnig á að halda fólki með góð tengsl við grunn- og framhaldsskóla. Það ætti ekki að vera stefna skólans að

ráða einungis umsækjendur sem hafa doktorspróf, nema því aðeins að sterk tengsl við grunn- og framhaldsskólana séu tryggð.

Skólinn þarf að hafa enn meiri tengsl við grunn- og framhaldsskóla og aðrar fræðslustofnanir.

Aðstaða:

KHÍ hefur upp á að bjóða mjög gott bókasafn, stuðningsþjónustu og kennslumiðstöð fyrir nemendur og kennaralið. Þótt bókasafnið búi við mjög þrönga aðstöðu og veitti ekki af auknu rými lýstu nemendur og kennarar yfir ánægju með þá þjónustu sem þar er veitt. Kennslumiðstöðin er til húsa í nokkurri fjarlægð frá skólanum og er ekki nýtt sem skyldi. Ef bókasafnið fengi stærra húsnæði og starfsemi þess og kennslumiðstöðvar-innar yrði sameinuð er ljóst að hvort tveggja myndi nýtast betur.

Endurskoða þarf alla aðstöðu með hliðsjón af nýlegum samruna KHÍ við þrjár aðrar stofnanir og fjölgun nemenda sem þar af leiðir svo nægilegt rými gefist til sjálfstæðrar vinnu jafnt sem til kennslu og náms.

Framhaldsnámið:

Framhaldsnám í KHÍ er 60 einingar og skiptist í tvennt. Í fyrri hlutanum er um 30 eininga hlutanám að ræða og fá menn skírteini að því loknu. Síðari hlutinn er einnig skipulagður sem 30 eininga hlutanám og felur í sér námskeið og lokaritgerð (M.Ed.-ritgerð). Námið hefur að hluta til verið byggt upp sem fjarnám.

Þar eð ekki eru miklar upplýsingar um framhaldsnámið í skýrslunni og könnunum átti úttektarhópurinn erfitt með að leggja mat á það. Full ástæða væri til að gera sérstaka úttekt á því.

Á fundunum lögðu nemendur áherslu á mikilvægi þess að eiga kost á að ljúka meistaranámi á Íslandi í stað þess að verða að fara utan til slíks náms. Úttektarhópurinn er einnig þeirrar skoðunar að Íslendingar bæði geti og eigi að halda uppi framhaldsnámi fyrir kennara.

Nemendur vildu að kennarar dreifðu vinnuálaginu betur. Sumir vildu geta nýtt sumarið betur og lögðu áherslu á hversu mikilvægt væri að þeir hefðu aðgang að bókasafni skólans

á sumrin. Einnig vildu þeir hafa meiri hópvinnu og að rannsóknavinna nemenda væri betur undirbúin.

Eins og áður hefur verið minnst á í þessari skýrslu⁷ kvarta nemendur við alla skólana þrjá yfir skorti á viðeigandi íslensku efni í náminu. Framhaldsnámið er mikilvægur vettvangur til að fjölga námskeiðum sem byggð eru á rannsóknum og auka við efni sem fjallar um íslenskar aðstæður.

⁷ Sjá bls. 15

4.4 Háskólinn á Akureyri (HA)

Háskólinn á Akureyri er yngstur þessara þriggja skóla. Hann hóf starfsemi árið 1987 þegar Rekstrardeild og Heilbrigðisdeild tóku til starfa. Kennaradeild bættist við haustið 1993 með nám til B.Ed.-gráðu. Nú er boðið upp á þrenns konar nám við Kennaradeild: nám grunnskólakennara (B.Ed.), kennsluréttindanám og nám leikskólakennara (sem er ekki tekið með í þessari úttekt).

Nám grunnskólakennara er þriggja ára nám (90 einingar) og enn sem komið er hafa aðeins tvisvar útskrifast nemendur úr því, u.þ.b. 24 kennarar hvort ár. Í þessu námi er lögð áhersla á raungreinar og kennslu við fámenna skóla í dreifbýli og enn fremur er æfingakennslan tekin öðrum tókum en tíðkast annars staðar.

Kennsluréttindanámið er tveggja ára nám (30 einingar) og er ætlað starfandi kennurum efri bekkja grunnskóla og framhaldsskóla sem skortir formleg kennsluréttindi. Það hófst árið 1994 og 1996 útskrifuðust fyrstu 42 nemendurnir. Ekki er boðið upp á þetta nám árlega, heldur þegar aðstæður henta. Það hófst síðast haustið 1997 og lýkur 1999.

Úttektarhópurinn las sjálfsmatsskýrslurnar og hélt fundi með yfirstjórn skólans, kennurum og nemendum⁸ samkvæmt áætlun⁹. Fundirnir voru haldnir í HA 15. og 16. janúar 1998. Almennt séð fer margt jákvætt fram í Kennaradeildinni, svo sem vel úthugsuð æfingakennsla og áhersla á kennslu í litlum skólum og kennslu raungreina. En úttektarhópurinn beindi sjónum sínum einkum að þeim þáttum sem þurfa athugunar við og fyrir bragðið er ekki fjallað um ýmsa jákvæða og athyglisverða þætti starfseminnar svo sem vert væri.

Skýrsla um sjálfsmat:

Það kom á daginn á fundi úttektarhópsins með sjálfsmatshópnum að skýrslan var gerð í miklum flýti á óheppilegum tíma fyrir háskólann. Hópnum fannst að upplýsingar vantaði í skýrsluna, t.d. um kennslugreinar og kennsluaðferðir.

Skýrslan var lýsandi fremur en greinandi. Henni fylgdu mörg gagnleg fylgiskjöl þótt ekki væri vísað til þeirra allra í skýrslunni. Ekki var fjallað um þróun eða framtíðaráætlanir í skýrslunni.

⁸ Viðauki VI – skrá yfir þátttakendur í HA

⁹ Viðauki VII – dagskrá fundar í HA

Helstu niðurstöður:

Taka verður tillit til þess að hér er um að ræða nýja menntastofnun í þróun.

Lítill aðsókn og mikið brottfall úr námi grunnskólakennara er verulegt áhyggjuefni. Ef haldið verður áfram að leggja áherslu á raungreinar í náminu (sem úttektarhópurinn styður) þarf að veita nemendum meiri stuðning til þess að þeir nái árangri. Í ljósi þess að fleiri sækja um nám í KHÍ en skólinn getur tekið við, og þar sem HA hefur verulega sérstöðu, hvetur úttektarhópurinn forsvarsmenn HA til að auglýsa námið miklu meira sem valkost við aðra skóla.

Úttektarhópurinn telur athugandi að lögð sé meiri áhersla á kennsluréttindanámið. Til þess að meira fjármagn væri til ráðstöfunar í því skyni kæmi til greina að taka inn nemendur í B.Ed.-nám aðeins annað hvert ár. Þetta þarf að ræða innan samstarfsnefndarinnar sem áður var minnst á¹⁰ og á vegum ráðuneytisins. Ef kennsluréttindanámið verður áfram í boði aðeins endrum og eins er hætt við að gæði þess verði ekki þau sömu og ella.

Það er sérstaklega mikilvægt að tengslin við fámenna skóla haldist hér eftir sem hingað til.

Stefna, markmið og inntak námsins:

Markmið eru skýr, sértæk og í nánnum tengslum við námið.

Úttektarhópurinn styður að lögð sé áhersla á fámenna skóla og raungreinar og hvetur deildina til að leggja áfram rækt við sérstöðu sína, þannig að áhersla á fámenna skóla verði jafnvel aukin enn frekar. Einnig styður hann þá viðleitni deildarinnar að nálgast kennaramenntun á heimspekilegri hátt en týðkast hefur.

HA leggur sérstaka áherslu á að mennta kennara í stærðfræði og raungreinum. Nemendur í þeim greinum eru fáir en þó umtalsverður hluti hvers árgangs. Kennarar við deildina líta á það sem árangur af námskeiði á raungreinum sem fyrstaársnemum í B.Ed.-námi er boðið upp á. Aðstaða til raungreinakennslu er í hægfara þróun en full ástæða er til að gera átak í því efni.

Kennsluaðferðir – æfingakennsla:

¹⁰ Sjá bls. 10–11

Nemendur voru upp til hópa nokkuð ánægðir með námið og fyrirkomulag æfingakennslunnar, sem er frábrugðið því sem gerist í HÍ og KHÍ. Í námi grunnskólakennara eru á fyrri tveim árunum farnar stuttar heimsóknir í skóla en á haustmisseri þess þriðja verja nemarnir níu vikum til náms í skólanum og eru síðan við æfingakennslu í fimm vikur. Hvort tveggja fer að mestu fram í sama skóla og undir umsjón sama kennara allan tímann.

Öll uppbygging æfingakennslunnar þótti úttektarhópnum vel útfærð og líkleg til uppfylla markmið.

Aðstaða og stjórnun:

Ef aðeins eru ráðnir sérfræðingar til kennslunnar verður erfiðara að samræma námið í heild. Úttektarhópurinn varð var við töluverðan skoðanamun hjá kennurum um stefnu og áherslur í náminu. Æskilegt er að kennarar úr almennum skólum séu fengnir til stundakennslu í hluta námsins, auk þess sem það eykur tengslin út í skólana.

Húsnæðismálin gera mönnum erfitt fyrir en þau mál leysast þegar nýja háskólasvæðið hefur verið byggt upp.

Aðferðir við mat á kennslu hafa verið gagnslitlar og þær þarf að bæta.

Kennaradeildin og háskólinn allur ætti að hafa meira sjálfstæði við ráðningu kennara.

Bæta þarf tölvukost skólans. Nemendur og kennarar skýrðu frá alvarlegum vandamálum í þeim efnum nýlega.

Góð bókasafnsaðstaða er í skólanum og góð þjónusta. Bókakostur er þó enn of lítill til að fullnægja víðtækum rannsóknum og vera má að HA verði að endurmeta möguleika skólans til að standa undir víðtækum rannsóknaverkefnum.

5.0 Svör við spurningum ráðuneytisins

1. Er rétt hlutfallslegt vægi milli uppeldisgreina og sérgreina í námsefni kennaraefna?

Svar: Þetta er margþætt spurning og snertir ýmislegt sem fjallað hefur verið um hér að framan. Vægið ræðst af því á hvaða stigi kennt er og einnig er um að ræða ákveðið vægi milli kunnáttu í tiltekinni grein og kunnáttu í að kenna þá grein. Menn greinir á í þessu efni innan skólanna þriggja. Við þessari spurningu er því ekkert einfalt svar; vægið hlýtur að ráðast af stöðu kennarans og í ljósi þess að kennarar kenna ekki alltaf á sama stigi og þess að sami kennari kennir oft margar greinar er ekki hægt að skilgreina þetta til hlítar í grunnnámi kennaraefna.

2. Tekur kennaramenntunin nógu mikið mið af aðalnámsskrám grunn- og framhaldsskóla?

Svar: Það er höfð hliðsjón af aðalnámsskrá í kennaranáminu í öllum skólunum þrem. Samhengið milli námskráa og námskeiða var þó ekki ljóst. Aðspurðir sögðust nemendur þekkja til aðalnámsskrár í sérgreinum sínum en bentu á að framkvæmdin í einstökum skólum væri ekki byggð á formlegum námsskrám heldur virtist miklu fremur sem fánlegt kennsluefni hverju sinni og námsbækurnar sjálfar réðu miklu um hvað væri kennt. Þessi ummæli urðu úttektarhópnum tilefni til að spyrja:

– Að hve miklu leyti er aðalnámsskrá stjórnþæki í íslenskum skólum?

– Verður nýja námsskráin betra stjórnþæki fyrir íslenska skóla?

Eins og fram kemur fyrir í skýrslunni vantar meiri rannsóknir og upplýsingar um skólastarf á Íslandi til að geta svarað þessari spurningu. Það er þó ljóst að aldrei er of mikið gert að því að miða kennaramenntun við þarfir skólanna.

3. Eru þeir skólar sem mennta kennara reiðubúnir að laga sig að breytingum á námsskrám grunn- og framhaldsskóla?

Svar: Að sumu leyti gengur þeim þetta vel, að öðru leyti miður. Þetta er mikið undir námsskrárvinnunni sjálfri komið – hvort vel tekst til við að koma námsskránum í

framkvæmd og hvort það verður gert með góðum stuðningi við kennara og skóla. Það tekur sinn tíma að koma á nýrri námsskrá.

Kennarar þurfa góðar leiðbeiningar, tækifæri til að vinna með nýju námsskrána og læra að nota hana með sem bestum árangri og hjálp við að tileinka sér nýja færni og aðferðir. Eins og fyrr var getið er útilokað að gera ráð fyrir framtíðarbreytingum á námsskrám í grunnkennaranámi; enn og aftur er hér nauðsyn á traustri endurmenntun. Því flóknari og sérhæfðari sem menntastofnunin er og námið sem þar fer fram, þeim mun erfiðara er að aðlagast nýjum námsskrám.

4. *Ætti utanaðkomandi aðili, til dæmis sérstakt ráð, að taka ákvarðanir um eða samræma kröfur varðandi námsefni í kennaramenntun?*

Svar: Við bendum á tillögur okkar um samræmingu hér að framan¹¹. Við teljum ekki að námsefni kennaranema eigi að ráðast af ákvörðunum sem teknar eru utan skólanna, heldur erum við þeirrar skoðunar að skólarnir þurfi að vinna að þessu í samstarfi sínu á milli og við aðra í miklu meira mæli en gert hefur verið. Íslenskir skólar sem mennta kennara þurfa að gefa miklu meiri gaum að því hvernig þeir geta bætt námið með það fyrir augum að þjóna skólunum betur en þeir gera nú og koma betur til móts við þarfir þeirra.

5. *Hversu vel svara skólar sem mennta kennara þörfum grunn- og framhaldsskóla? Endurspeglast þær þarfir í fyrirkomulagi og uppbyggingu valgreina? Hvað um inntöku nýrra nemenda?*

Svar: Þessi spurning er mikið rædd í allri skýrslunni. Greinilegt er að þörfum hefur ekki verið mætt í sumum greinum, sbr. kennaraskort í raungreinum og stærðfræði, en eins og nefnt hefur verið er það alls ekki eingöngu vandamál þeirra skóla sem mennta kennara og verður ekki leyst af þeim sjálfum. Þar eð úttektarhópnum var ekki séð fyrir neinum gögnum um eftirspurn eftir eða þörf fyrir kennara getum við aðeins byggt dóm okkar á því sem okkur var sagt, þ.e. að heildarframboð nýútskrifaðra kennara með full réttindi nægir ekki til að anna heildareftirspurninni.

6. *Ætti að leggja meiri áherslu á einhverja eina grein í námsefninu (t.d. tölvur og upplýsingatekni)?*

¹¹ Sjá bls. 10

Svar: Tölvur og upplýsingatækni eru allsráðandi um allt þjóðfélagið og þess á eftir að gæta í auknum mæli í skólastofum landsins. Almennur á Íslandi hefur mikinn áhuga á því að skólarnir verði tölvuvæddir og er þessi áhugi á þróun skólanna í sjálfu sér afar jákvæður. Þarna er kærkomið tækifæri fyrir skólana og auðvitað eiga þeir að notfæra sér það. Hver árangurinn verður ræðst þó ekki af tækninni sem slíkri heldur því hvernig henni verður beitt í þágu menntunar. Sá þáttur sem þar vegur þyngst er tækniþekking og færni kennaranna og sá stuðningur sem þeir fá í því við að beita henni í kennslu og stjórnun.

Annað atriði sem setur þessu skorður er það hversu lítið er til af kennsluhugbúnaði á íslensku og til að ráða bót á því vandamáli þarf verulegt fjármagn. Raunar heyrast þær raddir meðal miklu stærri þjóða að of litlu fjármagni sé veitt til þróunar kennsluhugbúnaðar. Tekið skal fram að þetta er spurning um menningarmál fremur en tækni.

Mikilvægt er að þeir skólar sem veita kennaramenntun búi kennara framtíðarinnar undir það að nota upplýsingatækni á skilvirkan hátt í skólastofunni. Þar skiptir ekki mestu máli hversu margar einingar námskeið í upplýsingatækni gefur heldur það að hve miklu leyti upplýsingatækni er notuð í náminu í heild. Ekki fer milli mála að skólarnir þrír kappkosta að ná settu marki í þessum efnunum og aukin fjárfesting í nauðsynlegum búnaði og, umfram allt, aukinni fagþekkingu innan kennaramenntastofnana er arðvænleg.

Í könnun, sem umsjónarhópur vegna mats á kennaramenntun gerði meðal skólastjórnenda í grunnskólum, kom fram að um 30% töldu að útskrifaðir kennarar hefðu ónóga tölvukunnáttu. Í öllum háskólunum þrem eru uppi áætlanir um að auka vægi þessa þáttar. Könnunin sýndi einnig að sumir skólastjórnendanna töldu nýútskrifaða kennara ekki vita nægilega mikið um raunverulegar vinnuaðstæður í skólum þegar þeir hefja kennslustörf. Sú staðreynd ætti að hafa í för með sér aukna áherslu á æfingakennslu og vettvangskannanir. (Athuga: Vera má að könnunin sé ekki marktæk vegna þess hve lítið úrtakið var).

Eins og áður var nefnt var nútíðin öllum skólunum ofarlega í huga, fremur en að þeir gerðu sér skýra grein fyrir hvernig kennaramenntun á 21. öldinni yrði háttað. Samkvæmt sumum framtíðarspám eru eftirtalin svið þau sem helst verður sóst eftir þekkingu í á næstu öld: upplýsingatækni, fjarskipti, skapandi hugsun, gagnrýnin hugsun, hæfni til að leysa

vandamál sem tölvur geta ekki leyst, persónuleg samskipti, alþjóðasamskipti. Það fór lítið fyrir þessum “greinum“ í skýrslunum og heimsóknunum.

7. Á B.Ed.-námið áfram að vera þrjú ár eða á að lengja það?

Svar: Skoðanir okkar á B.Ed.-náminu hafa áður komið fram¹². Við viljum styrkja endurmenntunina fremur en að lengja grunnám kennara. Það er hins vegar ljóst að breytingin sem er því samfara að ljúka háskólanámi og hefja kennslustörf er mörgum erfið. Því leggjum við til að nýútskrifaðir kennarar fái leiðsögn á fyrsta ári sínu í kennslu. Með því erum við ekki að leggja til svokallað kandidatsár.

Það sem að ofan er sagt merkir hvorki að úttektarhópurinn efist um gildi góðrar grunnmenntunar fyrir kennara né að hann vilji veikja það nám sem íslenskum kennaranemum er nú boðið upp á, með því að færa fjármuni úr einum stað í annan. Til að koma í veg fyrir misskilning vill úttektarhópurinn leggja áherslu á það sem hann telur höfuðatriði, þ.e. að grunnmenntun íslenskra kennara verði bætt og jafnframt unnið að því að koma á skipulegu kerfi símenntunar í skólunum.

8. Er sérhæfing í menntun kennara viðeigandi þegar eftirfarandi er haft í huga:

- a) fjöldi kennslugreina?
- b) fjöldi valgreina/sérgreina?
- c) aldursflokkun grunnskólanemenda?
- d) samþætting námsgreina?

Svar: Margt af því sem þessi spurning felur í sér hefur komið til tals fyrr í þessari skýrslu. Ein helsta niðurstaða hennar er að leggja beri áherslu á endurmenntun og símenntun. Tímarnir eru breyttir; þeir halda áfram að breytast og því mun sérhæfingin einnig breytast. Víðtæk endurmenntun fyrir starfandi kennara, þar sem allir sem sækja um fá inngöngu, getur átt sinn þátt í að bæta sérhæfingu við grunnnámið.

Það er augljóst að nám í sérgrein sem aðeins nemur 15 einingum í KHÍ gefur takmarkaðan undirbúning fyrir kennslu í 8.–10. bekk. Þetta má bera saman við 30–60 eininga nám þeirra sem útskrifast frá Háskóla Íslands og eru ef til vill að kenna sömu grein. Mjög æskilegt er

¹² Sjá bls. 7 og 9

að skilgreint verði frekar hvernig þeir sem útskrifast með B.Ed.-gráðu geti aukið við sig í sérgreininni með því t.d. að taka nokkur viðbótarnámskeið við einhvern háskólanna þriggja. Slíkt nám upp á t.d. 30 einingar í einni eða tveim greinum gæti jafnvel jafngilt formlegri gráðu. Þannig væri samtímis hægt að þjóna þörfum nemenda í grunnnámi og starfandi kennara í viðkomandi grein án þess að gera þá kröfu að allir kennaranemar í framtíðinni séu einu ári lengur að ljúka grunnnámi.

9. Ætti að breyta kennsluréttindanámi fyrir framhaldsskólakennara á þann veg að meira af náminu væri stundað samhliða námi til B.A./B.S.-prófs?

Svar: Samvinna milli kennsluréttindanámsins og annars náms við HÍ er verulegt vandamál og það viðurkenna aðstandendur kennsluréttindanámsins fúslega. Við hvetjum bæði HÍ og HA til að hugleiða möguleikann á samhliða námi af einhverju tagi, sem hvetti nema í þeim greinum þar sem mikill kennaraskortur er til að hugleiða það fyrir í náminu hvort þeir vilji leggja fyrir sig kennslu. Þannig er til dæmis mögulegt, samkvæmt námsskrá HÍ, að veita fólki inngöngu í kennsluréttindanam að loknu 60 eininga námi, með því skilyrði að það ljúki þeim 30 einingum sem þá eru eftir innan tveggja ára. Þó er ljóst að þetta er ekki framkvæmanlegt að óbreyttu, þar sem háskólinn getur ekki tekið við öllum þeim sem uppfylla skilyrði til kennsluréttindanáms.

10. Ætti að setja meistaragráðu sem skilyrði fyrir kennsluréttindum í framhaldsskóla?

Svar: Í ljósi þess hve mikill hörgull er nú á kennurum með viðeigandi menntun á B.A./B.S.-stigi má heita útilokað á þessu stigi að setja meistaragráðu sem skilyrði fyrir kennslu. Þá fengjust einfaldlega hvergi nærrí nógu margir menntaðir kennarar til starfa, sérstaklega þegar grunnlaun kennara eru höfð eru í huga.

6.0 Samantekt niðurstaðna

Í þessum kafla eru teknar saman helstu niðurstöður úr úttekt á kennaramenntun á Íslandi sem sérstakur ytri matshópur gerði í janúar 1998.

Eftirtalin atriði voru skoðuð: framtíðarsýn, markmið og tengsl þeirra við nám og kennslu, æfingakennsla, fjarkennsla, nemendur, samskipti út á við, endurmenntun og rannsóknir.

Helstu niðurstöður eru kynntar í skýrslunni. Hér eru nokkrar athugasemdir að lokum:

Mikilvægustu málín varða alla þjóðina fremur en einstaka skóla sem hér eru til umfjöllunar. Margt af því sem einkennir menntun á Íslandi almennt hefur veruleg áhrif á menntun kennara:

- Nám í framhaldsskóla er langt, 1–2 árum lengra en í öðrum löndum;
- kennarar eru illa launaðir og margir kennarar án formlegra réttinda;
- ekki er boðið upp á nægilega mikla endurmenntun eins og nú háttar;
- margir fámennir skólar til sveita þurfa kennara sem geta kennt margar greinar;
- valddreifing er veruleg í menntakerfinu og því erfiðara að koma á samræmdu námi og samræmdri stefnu yfir allt landið.

Margt jákvætt fer fram í öllum skólunum þremur sem úttektin náði til. Úttektarhópurinn fann fyrir miklum áhuga og hitti margt fólk sem vinnur gott starf á sviði menntunar, en skýrslan tekur aðallega á því sem betur má fara:

- Skólarnir hafa tilhneigingu til að vera uppteknari af málefnum líðandi stundar en framtíðaráætlunum. Ýta verður undir að þeir marki sér framtíðarstefnu til langs tíma.
- Nauðsynlegt er að skólarnir setji sér þaulhugsáðar forsendur sem geta stuðlað að traustu samhengi kennaramenntunar í landinu þannig að hún taki mið af þörfum skólanna nú og í framtíðinni.
- Brýnt er að unnið verði að því að kerfisbinda grunnmenntun kennara frekar en nú er og byggja hana á skýrum og þaulhugsuðum forsendum. Grunnmenntunin þarf að vera skipulögð með þeim hætti að hún geti orðið traustur grunnur undir þá símenntun sem nauðsynleg er allan kennsluferilinn. Sú símenntun fer fram í kennaramenntastofnunum eða með fjarnámi, hvar sem er á landinu.

- Samstarf og samvinnu milli stofnana þarf að efla og setja á formlegri grunn. Allar stofnanirnar þrjár þurfa að eiga með sér samfellt samstarf í því skyni að mæta sem best þörfum þjóðfélagsins. Að þessu samstarfi þurfa að koma hlutaðeigandi aðilar utan stofnananna þriggja, svo sem samtök kennara og fulltrúar grunnskóla.
- Samskipti við aðra hópa, svo sem skóla og kennarasamtök, ætti að efla. Slíkt gæti leitt til frekari þróunar á störfum æfingakennara og á markmiðum og skipulagningu æfingakennslu.
- Þörf er á traustari heildaráætlun um þörf fyrir nýja kennara og símenntunarþarfir í skólum. Einnig þarf að fella inn í þær áætlanir töluleg gögn um skólakerfið á landinu, svo sem um áætlaða þörf á nýjum kennurum og um fjölda réttindalausra kennara.
- Skoða þarf kennaramenntun í víðara samhengi; leggja ætti áherslu á endurmenntun, en þó ekki á kostnað grunmenntunar. Einnig þarf að huga að stuðningi við nýbakaða kennara inni í skólunum, eflingu fjarkennslu og auknu námsframboði fyrir réttindalausra kennara.
- Fjalla þarf um skilyrði til rannsókna og hlutverk þeirra og styrkja tengsl milli rannsókna, kennslu og verkefnavinnu nemenda. Margir kennarar hafa ekki tíma til að sinna rannsóknum og nemendur kvarta yfir því að þeir fái of lítið af íslenskum rannsóknum sem þeir gætu lært af.
- Uppbygging á launakerfi kennara veldur því að of mikið er um beina kennslu og of lítið um sjálfstæða vinnu nemenda.
- Huga þarf sérstaklega að sumum greinum þegar námskeið eru skipulögð og inntökuskilyrði ákveðin. Þannig þarf til dæmis að fjölga menntuðum raungreina- og stærðfræðikennurum.
- Upplýsingatækni ætti að vera hluti af öllu námi, bæði grunnnámi og endurmenntun grunn- og framhaldsskólakennara og í rannsóknum og þjálfun kennara innan kennaramenntastofnananna.

7.0 Gögn sem úttektarhópurinn las

Frá HA

Sjálfsmat. Uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda. Nóvember 1997. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

Sjálfsmat. Grunnskólabraut. Nóvember 1997. Akureyri, Háskólinn á Akureyri.

Sjálfsmat kennaradeildar Háskólans á Akureyri 1997. Mappa með fylgiskjöllum.

Self-Evaluation. Compulsory school programme. University of Akureyri. [An abbreviated translation]

Self-Evaluation. Teaching certification programme. University of Akureyri. [An abbreviated translation]

Frá HÍ

Innra mat á námi í kennslufræði til kennsluréttinda Háskóla Íslands. 1996. Reykjavík, Háskóli Íslands.

Innra mat á námi í kennslufræði til kennsluréttinda Háskóla Íslands. Viðbótarskýrsla. 1997. Reykjavík, Háskóli Íslands.

Kennslufræði til kennsluréttinda við H.Í. Viðhorf nema og mat þeirra á náminu.. 1996. Reykjavík, Háskóli Íslands.

Evaluation of the Teaching Certification Programme. 1996. Reykjavík, University of Iceland.

Internal Evaluation of the Teaching Certification Programme. Supplementary Report. 1997. Reykjavík, University of Iceland.

(Sjálfsmat í íslenskuskor, líffræðiskor og stærðfræðiskor. Janúar 1998. Reykjavík, Háskóli Íslands).

Frá KHÍ

Kennaraháskóli Íslands. Skýrsla um sjálfsmat. Nóvember 1997. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

Kennaraháskóli Íslands. Skýrsla um sjálfsmat. Fylgiskjöl. Nóvember 1997. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.

University College of Education. Self-Evaluation Report. 1997. Reykjavík, University College of Education. [An abbreviated translation].

Frá umsjónarhópi vegna mats á kennaramenntun

Guidelines for the External assessment by the Peer Review Group (PRG). 1997.

Umsjónarhópur vegna mats á kennaramenntun.

Könnun meðal skólastjórnenda í grunnskólum. 1997. (Spurningalistar og SPSS útprentanir).

Könnun meðal skólameistara í framhaldsskólum. 1997. (Spurningalistar og SPSS útprentanir).

Skýrsla samstarfsnefndar Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Kennaraháskólans um kennaramenntun. Júlí 1997.

Spurningalisti fyrir nemendur útskrifaða úr kennsluréttindanámi. Ágúst 1997.

Umsjónarhópur vegna mats á kennaramenntun.

Spurningalisti fyrir nemendur útskrifaða úr B.Ed. námi. Ágúst 1997. Umsjónarhópur vegna mats á kennaramenntun.

Viðauki I – viðveruskrá frá HÍ

Háskóli Íslands

Mánudagurinn 12. janúar 1998 kl. 9:30 - 11:00

Hafdís Ingvarsdóttir
Sigrún Aðalbjarnardóttir
Jón Torfi Jónasson
Guðrún Geirsdóttir

Fundur með núverandi nemendum kl. 11:00 - 12:00

Ásgerður Bergsdóttir
Sigurður Stefán Haraldsson
Íris O. Lúðvíksdóttir
Þórunn Björk Sigurbjörnsdóttir

Fundur með útskrifuðum nemendum kl. 13:30 - 14:00

Þórarinn Stefánsson	efnafræði
Hildur Gróa Gunnarsdóttir	íslenska
Þorgerður Aðalgeirsdóttir	þýska
Guðbjörg Daníelsdóttir	sálfræði

Fundur með stundakennurum kl. 14:00 - 14:30

Margrét Jónsdóttir
Sigurlína Davíðsdóttir
G.S.

Viðauki II – dagskrá funda í HÍ

Háskóli Íslands

Mánudagur 12. janúar

- 09:00-09:30 Fundur með yfirstjórn
Rektor
Framkvæmdastjóri kennsluviðs
Framkvæmdastjóri rannsóknarsviðs
- 9:30-11:00 Fyrri fundur með fastráðnum kennurum í Kennslufræði til kennsluréttinda
Hafdís Ingvarsdóttir
Jón Torfi Jónasson
Sigrún Aðalbjarnardóttir
Guðrún Geirsdóttir
- 11:00-12:00 Fundur með nemendum
Þrír núverandi nemendur og þrír er luku námi á síðasta vori úr ólíkum faggreinum,
valdir af handahófi
- 12:00-13:00 Matarhlé
- 13:00-14:00 Fundur með stundakennurum
3-4 stundakennarar sem hafa mestu kennslu á hendi
- 14:00-14:30 Síðari fundur með fastráðnum kennurum.
- 14:30-15:30 Aðstaða skoðuð
- 15:30-16:00 Lokafundur með rektor

Viðauki III – viðveruskrá frá KHÍ

Kennaraháskóli Íslands

Fundur með skorarstjórum fyrir almennt kennaranám BEd. 1998

Auður Torfadóttir	dósent í ensku	6. misseri
Stefán Bergmann	dósent í líffræði	1. misseri
Þóra Kristinsdóttir	dósent, sérþarfir/sérkennsla	3 + 4 misseri
Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir	nemenda í KHÍ 2. bekk	
Ingibjörg S. Frímansdóttir	stundakennari	2. misseri
Karl Jeppesen	fjarkennsla	
Ólafur H. Jóhannsson	deildarstjóri	

Fundur með fulltrúum nemenda B.I. 1998

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir	3. árgangur
Ásta Sölvadóttir	3. “
Áslaug Björnsdóttir	2. “
Ólöf Dagfinnsdóttir	3. “
Jóna S. Sigurðardóttir	1. “
Júlía Ágústsdóttir	2. “
Hálf dán Þorsteinsson	2. “
Íris Lind Sævarsdóttir	1. “
Kristvina Gísladóttir	1. “

Fundur með kennurum í uppeldis- og valgreinum

Anna Kristjánsdóttir	prófessor
Haukur Arason	lektor
Árni G. Stefánsson	lektor
Jón Reykdal	stundakennari
Þórey Guðmundsdóttir	lektor
Anna Guðmundsdóttir	lektor
Ingvar Sigurgeirsson	dósent
Gunnar J. Gunnarsson	lektor
Ragnhildur bjarnadóttir	lektor
Kristín Halla Jónsdóttir	dósent
Friðrik Diego	fastur stundakennari

14. janúar 1998. Fundur með valgreinakennurum KHÍ

Stefán Bergmann	líffræði
Salvör Gissurardóttir	upplýsingatækni og tölvunotkun í námi og kennslu
Sigurjón Mýrdal	uppeldisgreinar
Loftur Guttormsson	sagnfræði/uppeldissaga
Gísli Þorsteinsson	smíðaval
Bragi Jósepsson	uppeldisfræði
Hallfríður Tryggvadóttir	textildeild
NN	textilnemendi
NN	textilnemendi
Eysteinn Þorvarðarson	íslenska
Sigurður Konráðsson	íslenska
Brynhildur Briem	heimilisfræði
Páll Ólafsson	umsjónarmaður æfingakennslu
Ásrún Tryggvadóttir	listmenntun
Dóra S. Bjarnason	félagsfræði
Baldur Hafstað	íslenska
Hrefna Sigurjónsdóttir	líffræði
Auður Torfadóttir	enska
Sólveig Jakobsdóttir	
Amalía Björnsdóttir	tölfræði

Skorarstjórn

Ingibjörg N	fulltrúi nemenda
Gunnar Finnbogason	uppeldisgreinar
Ásrún Tryggvadóttir	listmennt
Óskar D. Ólafsson	fulltrúi nemenda

Fundur með fulltrúum nemenda

Óskar Dýrmundur Ólafsson	UF- '97
Þórður M. Þórðarson	UF- '98
NN	UF- '98
NN	UF- '98
Guðrún Stefánsdóttir	UF- '98
Jófríður Benediktsdóttir	UF- '98

Fundur með kennurum í UF-skor

Amalía Björnsdóttir	
NN	
Gunnar Finnbogason	
Börkur Hansen	
Ingibjörg B. Frímansdóttir	
Ásrún Tryggvadóttir	listmenntun
Brynhildur Briem	heimilisfræði
Salvör Gissurardóttir	upplýsingatækni-tölvunotkun í námi og kennslu

Fundur með uppeldisvísindadeild - Deildarráð kl. 14:30.

Nemendur í framhaldsnámi 14. janúar kl. 15:30

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir
Sesselja Snævarr
Kristín Karlsdóttir
Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Elín Thorarensen
Sigríður Bjarnadóttir
Guðrún Soffía Jónasdóttir

Fundur með kennurum í uppeldisvísindadeild 15. janúar kl. 8:30

Guðrún Kristinsdóttir	dósent
Ólafur Proppé	prófessor
Amalía Björnsdóttir	lektor
Anna Kristjánsdóttir	prófessor
Gunnar Finnbogason	lektor

Viðauki IV – dagskrá funda í KHÍ

Kennaraháskóli Íslands
Þriðjudagur 13. janúar

- 09:00-09:30** **Fundur með yfirstjórn** (skrifstofa rektors).
Þórir Ólafsson, rektor
Erla Kristjánsdóttir kennslustjóri,
Guðmundur Ragnarsson fjármálastjóri,
Ólafur Proppé aðstoðarrektor.
- 09:30-11:30** **Fundur með sjálfsmatsnefnd** (stofa M-302).
Börkur Hansen, dósent,
Guðmundur B. Kristmundsson, dósent,
Guðmundur Ragnarsson, fjármálastjóri,
Gunnar Árnason, lektor,
Ingvar Sigurgeirsson, dósent,
Ólafur H. Jóhannsson, lektor,
Þórhildur Sigurðardóttir, aðstoðaryfirbókavörður,
Ingibjörg Ingadóttir, fulltrúi nemenda, Uf-skor
Vilhjálmur Kári Haraldsson, fulltrúi nemenda í BEd. skor
Þórdís Kristjánsdóttir, fulltrúi nemenda í uppeldisvísindadeild.
- 11:30-12:00** **Aðstaða skoðuð - fyrri hluti.** Farið um húsnæði í Stakkahlíð, umsjón: Þórir Ólafsson, rektor
- 12:00-13:00** **Hádegisverður** í skrifstofu rektors.
- 13:00-14:30** **Fundur með skorarstjórn fyrir almennt kennaranám og fjarnám (stofa M-302)**
Ólafur H. Jóhannsson skorarstjóri, Karl Jeppesen umsjónarmaður fjarnáms,
Baldur Sigurðsson lektor, Ingibjörg Frímannsdóttir fastráðinn
stundakennari, Stefán Bergmann dósent, Þóra Kristinsdóttir dósent,
fulltrúar nemenda.
- 14:30-15:30** **Fundur með fulltrúum nemenda** (stofa M-302).
Þrír nemendur úr hverjum árgangi í BEd. námi valdir af handahófi.
- 15:30-16:30** **Fundur með kennurum í uppeldisgreinum og í valgreinum sem kenna í BEd.- og fjarnámi** sem ekki geta mætt miðvikudaginn 14. janúar kl. 9:00-10:30 (stofa M-302).
- 16:30-17:00** **Aðstaða skoðuð** - seinni hluti (farið um húsnæði skólans við Flókagötu, Háuhlíð, Skipholt og Laugaveg, umsjón: Þórir Ólafsson, rektor).

Miðvikudagur 14. janúar

- 9:00-10:30 Fundur með kennurum í uppeldisgreinum og í valgreinum sem kenna í BEd.- og fjarnámi** (stofa M-???)
Fastráðnir kennarar sem ekki eru í sjálfsmatsnefnd
3-4 stundakennarar sem hafa mestu kennslu á hendi
- 10:30-11:30 Fundur með skorarstjórn í Uf-skor** (stofa M-302).
Gunnar Árnason skorarstjóri, Gunnar Finnbogason dósent, Ásrún Tryggvadóttir dósent, Gunnar Þorri Þorleifsson, Hjörleifur Jónsson, Ingibjörg Ingadóttir, fulltrúar nemenda.
- 11:30-12:30 Fundur með fulltrúum nemenda í Uf-skor** (stofa M-302).
Þrír nemendur valdir af handahófi nöfn tilkynnt síðar.
- 12:30-13:30 Hádegisverður** í skrifstofu rektors.
- 13:30-14:30 Fundur með kennurum í Uf-skor**
Fastráðnir kennarar sem ekki eru í sjálfsmatsnefnd
3-4 stundakennarar sem hafa mestu kennslu á hendi
- 14:30-15:30 Fundur með deildarráði í uppeldisvísindadeild** (stofa M-302).
Amalía Björnsdóttir, Börkur Hansen, Gretar Marinósson, Ingvar Sigurgeirsson, Loftur Guttormsson og Sigurjón Mýrdal.
- 15:30-16:30 Fundur með nemendum í uppeldisvísindadeild.**
Guðrún S. Jónasdóttir, Hafsteinn Karlsson, Jóhanna Karlsdóttir, Kristín Norðdal, Margrét Guðmundsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir, Þorsteinn Hjartarson, Svanhildur Sverrisdóttir.

Fimmtudagur 15. janúar

- 8:30-9:30 Fundur með kennurum í uppeldisvísindadeild sem ekki eru skorarstjórar** (stofa M-302)
Anna Kristjánsdóttir, Amalía Björnsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Gunnar Finnbogason, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Ólafur Proppé.
- 9:30-10:00 Fundur með formanni stjórnar rannsóknarstofnunar.**
Loftur Guttormsson prófessor.
- 10:00-10:30 Lokafundur með rektor** (skrifstofa rektors).
- 11: 00 Brottför til Akureyrar frá Reykjavíkurflugvelli.**

Viðauki V – viðveruskrá frá HA

Háskólinn á Akureyri

Fundur með nemendum 15. janúar kl. 15:00-16:00

Halla Elín Baldursdóttir	3 ár	kennaradeild
Helga Rún Traustadóttir	2 ár	“
Sólveig Hjálmarsdóttir	2 ár	“
Bragi Þór Svavarsson	2 ár	“
Bjarni Jóhann Valdimarsson	3 ár	“
Einar Guðmann Örnólfsson	3 ár	“
Michelle L. Mielnik	1 ár	“
Elín Sigríður Arnórsdóttir	1 ár	“
Pollý Rósa Brynjólfssdóttir	1 ár	“

Fundur með kennurum í BEd-námi 16. janúar kl. 9:00-10:00

Sigrún Magnúsdóttir	aðferðafræði
Kristín Aðalsteinsdóttir	kennslufræði
Haraldur Bessason	
xxxx Sigurðsson	
María Steingrimsdóttir	
NN	námskráfræði og fl.
Kristín Sigfúsdóttir	
Rósa K. Júlíusdóttir	listir, hreyfing,
Gyða Haraldsdóttir	sálfræði (þróunarsálfræði, námssálfræði)

Viðauki VI – dagskrá funda í HA

Háskólinn á Akureyri

Fimmtudagur 15. janúar

- 11:45** **Komið til Akureyrar**
- 12:00-13:00** **Hádegisverður** í boði rektors HA, Greifanum Akureyri
- 13:00-13:30** **Fundur með yfirstjórn** (Sólborg)
Þorsteinn Gunnarsson, rektor
Ólafur Búi Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri
- 13:30-15:00** **Fundur með sjálfsmatsnefnd**
Kristján Kristjánsson, starfandi forstöðumaður
Anna Þóra Baldursdóttir, lektor og umsjónarmaður kennsluréttindanáms
Bragi Guðmundsson, dósent
Hafdís Kristjánsdóttir, fulltrúi brautskráðra kandidata
Sóveig Magnúsdóttir, fulltrúi nemenda
Stefán G. Jónsson, dósent
- 15:00-16:00** **Fundur með fulltrúum nemenda.**
Þrjú nemendur úr hverjum árgangi í BEd. námi valdir af handahófi
1. ár: Elín S. Arnórsdóttir, Póllý Rósa Brynjólfsdóttir, Michelle Lynn Mielnik
2. ár: Bragi Þór Svavarsson, Helga Rún Traustadóttir, Sólveig Hjálmarsdóttir
3. ár: Bjarni Jóh. Valdimarsson, Einar Guðmann Örnólfsson, Halla Elín Baldursdóttir

Föstudagur 16. janúar

- 09:00-10:00** **Fundur með kennurum í BEd. námi**
Fastráðnir kennarar sem ekki eru í sjálfsmatsnefnd
3-4 stundakennarar sem hafa mestu kennslu á hendi
- Guðrún Alda Harðardóttir, lektor
Gyða Haraldsdóttir, lektor
Kristín Aðalsteinsdóttir, lektor
Haraldur Bessason, fyrrv. rektor
Ingólfur Á. Jóhannesson, dósent
María Steingrimsdóttir, sérfræðingur
- Benedikt Sigurðarson, stundakennari
Rósa K. Júlíusdóttir, stundakennari
Sigrún Magnúsdóttir, stundakennari
- 10:00-11:00** **Fundur með fastráðnum kennurum í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda**
Bragi Guðmundsson
Gyða Haraldsdóttir
Ingólfur Á. Jóhannesson
Kristján Magnússon
- 11:00-12:00** **Fundur með brautskráðum nemendum úr uppeldis- og kennslufræði**
Þrír nemendur valdir af handahófi
Tilkynnt síðar
- 12:00-13:00** **Hádegisverður** í boði kennaradeildar
- 13:00-14:00** **Aðstaða skoðuð**
Kristján Kristjánsson, forstöðumaður
Bragi Guðmundsson, staðgengill forstöðumanns
- 14:00-14:30** **Lokafundur með rektor**